



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 11. maí 2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á hafnalögum nr. 61/2003, 525. mál.

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á hafnalögum nr. 61/2003.

Samtökin mæla gegn því að aflagjald verði miðað við aflaverðmæti og eðlilegra talið að miða við magn landaðs afla fiskiskipa. Til frekari áherslna og skýringa er vísað til umsagnar Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Þá er orðalag fyrirhugaðs C-liður 1. tl. 1. mgr. ónákvæmt og býður upp á mikinn túlkunargreining. Samkvæmt frumvarpinu skal leggja aflagjald á allar sjávarafurðir og matvæli sem unnin eru að hluta úr sjávarafla. Það er hulin ráðgáta hvernig reikna eigi aflagjald af matvælum sem unnin eru að hluta úr sjávarafla. Hvernig væri aflagjald reiknað af niðursoðnum sardínum eða makríl í dósum sem losaðar væru úr kaupskipi sem hefði flutt þær frá erlendri höfn eða annari íslenskri höfn?

Þá er gert ráð fyrir tvígreiðslu aflagjalds miðað við aflaverðmæti sama aflans. Fyrst þegar honum er landað úr fiskiskipi í gám á bryggjunni og síðan aftur þegar gámurinn er fluttur í kaupskip sem siglir með hann á markað. Í slíku tilviki væri verið að veita viðkomandi höfn heimild til að innheimta allt að 6% af aflaverðmætinu vegna umskipunar aflans.

Þá er mótmælt þeirri breytingu sem felst viðbótum við 2. mgr. 17. gr. laganna og lagt til að 2. mgr. 17. gr. laganna verði óbreytt. Gjaldtakan verði eins og áður miðuð við það að hún standi undir kostnaði við að veita þá þjónustu sem höfnin veitir á viðkomandi sviði.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Jón H. Magnússon